

## FW: Niðurfelling gatnagerðargjalda

**Til** : Jóna Ósk Guðjónsdóttir  
**Frá** : Kristján Sturluson  
**Heiti** : FW: Niðurfelling gatnagerðargjalda  
**Málsnúmer** : 1411348  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 24.03.2015 15:00:05  
**Höfundur** : Kristján Sturluson  
**Viðhengi** ~WRD000.jpg~WRD000.jpg

[Vegna Kaplakrika.](#)

---

**From:** Viðar Halldórsson [mailto:vidar@fh.is]  
**Sent:** 15. mars 2015 22:46  
**To:** Kristján Sturluson  
**Cc:** Rósa Steingrímsdóttir; Haraldur Líndal Haraldsson; 'Elsa Hrönn Reynisdóttir'; benedikto@landspitali.is  
**Subject:** Niðurfelling gatnagerðargjalda

Sæll Kristján,

Undirritaður f.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar óskar formlega eftir að gatnagerðargjöld (og tengd gjöld) af íþróttamannvirkjum í Kaplakrika verði felld niður. Beiðni þessi er til kominn vegna nokkurra atriða:

1. Nýlega var undirritaður upplýstur um að Fimleikafélag Hafnarfjarðar skuldi Hafnarfjarðarbæ e-r 18 milljónir frá ca. 2004 vegna gatnagerðargjalda. Ljóst er að hérna er verið að tala um gjöld vegna Risans sem tekinn var í notkun á árinu 2005. Skuld þessi hefur allavega tvívegis komið upp í viðræðum mínum við fyrrverandi bæjarstjóra og fjármálastjóra Hafnarfjarðarbæjar og þá í bæði skiptin hefur undirritaður verið fullvissaður um að skuldin sé engin og frá þessu verði gengið þannig að þetta fari úr bókum bæjarins. Ljóst er nú að svo hefur ekki verið og fer því undirritaður fram á það hér og nú að frá þessu verði gengið á þann veg sem lofað hefur verið.
2. Óskað er eftir niðurfellingu gatnagerðargjalda vegn miðasöluhúss sem nú er í byggingu í Kaplakrika og hefur reikningur þegar verið gerður vegna þessa að upphæð ca. 1.000.000,-. Einnig óskar Fimleikafélagið eftir að óálögð gatnagerðagjöld vegna Dvergsins verði niðurfelld.
3. Á næstunni munu verða lagðar inn bygginganefndarteikningar og í framhaldinu aðrar þær teikningar sem til þarf vegna byggingu knatthúss í fullri stærð í suð austuhorni Kaplakrikasvæðisins (vinnuheiti Fullstór) og óskar Fimleikafélagið sömu meðferðar á gatnagerðargjaldi þessa húss og fyrr hefur verið nefnt í bréfi þessu, þ.e. niðurfellingu gatnagerðargjalda.

Með kveðju,

**Viðar Halldórsson**

Formaður FH  
697 6800  
vidar@fh.is

- This email has been checked for viruses by Avast antivirus software.  
[www.avast.com](http://www.avast.com)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)